



Reykjavík, 17. september 2014

GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR FISKIMJÖLSVERKSMIÐJU VINNSLUSTÖÐVARINNAR Í VESTMANNAEYJUM

INNGANGUR

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir fiskimjölsmiðju Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum á tímabilinu 19. maí til 9. júlí 2014. Auk opinberrar auglýsingar á tillögunni var hún sérstaklega send til umsagnar umsækjanda, Slökkviliðs Vestmannaeyja, Heilbrigðisnefndar Suðurlands, Skipulagsstofnunar og Vinnueftirlitsins.

ATHUGASEMDIR UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Vinnueftirlitið gerði engar athugasemdir við starfsleyfistillögu en benti á mikilvægi þess að öryggisblöð væru uppfærð og aðgengileg.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands gerði athugasemd við að orðalagið „tímabundin rekstrarstöðvun“ væri teygjanlegt hugtak og þörf væri á skýrara orðalagi. Umhverfisstofnun sendi í kjölfarið rekstraraðila leiðbeiningar um gerð áætlunar vegna rekstrarstöðvunar þar sem hugtakið er skilgreint. Þá gerði heilbrigðisnefnd einnig athugasemd við það að í gr. 1.5 segi að tilkynna skuli eftirlitsaðila um gangsetningu ef vinnsla hafi legið niður í meira en mánuði. Heilbrigðisnefnd telji þennan tímaramma of þröngan og leggur til að hann sé víkkaður þar sem starfsemi bræðsla liggja oft niður í lengri tíma.

Umhverfisstofnun telur aftur á móti heppilegt að rekstraraðili upplýsi stofnunina sem oftast um hvort starfsemi liggja niðri eða ekki. Með því móti hefur stofnunin, sem eftirlitsaðili með rekstrinum, betri yfirsýn yfir starfsemina og á hægara með að skipuleggja eftirlit og bregðast við mögulegum kvörtunum sem berast vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands gerði athugasemd við grein 2.2 þar sem ekki kom fram í auglýstri starfsleyfistillögu að notast væri við rotvörn t.d. ediksýru til að tryggja ferskt hráefni. Heilbrigðisnefnd bendir á að æskilegt væri að hafa það inni í skilyrðum, einnig til samræmis við önnur útgefin leyfi.

Umhverfisstofnun hafði að beiðni umsækjanda tekið orðalag um rotvörn út úr auglýstri tillögu þar sem að samkvæmt upplýsingum frá honum, væri ekki notast við rotvörn við vinnslu aflans. Umhverfisstofnun hefur þó fallist á athugasemdir heilbrigðisnefndar og samræmt leyfið öðrum leyfum í samráði við umsækjanda enda hafi komið fram að einstaka sinnum sé notast við ediksýru við vinnslu hráefnis.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands gerði athugasemd við grein 3.2 en þar kemur fram að gera skuli mælingar og að þær mælingar skuli vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Heilbrigðisnefnd bendir á að í öðrum leyfum sé greinin orðuð á nákvæmari hátt en þar komi fram að mælingar skuli gerðar þegar verksmiðjan er í fullri vinnslu.



Umhverfisstofnun þakkar ábendinguna og nákvæmara orðalagi hefur verið bætt við í grein 3.2 og skulu mælingar gerðar þegar verksmiðjan er í fullri vinnslu.

Skipulagsstofnun gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna og engar athugasemdir bárust frá Slökkviliði Vestmannaeyja.

AÐRAR BREYTINGAR SEM UMHVERFISSTOFNUN GERÐI FRÁ AUGLÝSTRI TILLÖGU

- Bætt var við grein 1.10 sem fjallar um umhverfisábyrgð en í samræmi við lög um umhverfisábyrgð nr.55/2012 þá ber rekstraraðili ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi.
- Grein 2.3 var breytt á þá leið að fjallað er um afskurð og aukaafurðir í stað afskurðs og annars fiskúrgangs í samræmi við breytingar á lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem samþykktar voru á Alþingi 16. maí 2014.
- Grein 3.2: Hér var bætt inn texta um að TVN skráningar skuli sendar inn eftir hverja vertíð.
- Innsláttarvillur og orðalag lagað á stöku stað.